


ÁRSSKÝRSLA



1999



## STJÓRN KKÍ

Á 38. ársþingi KKÍ á Ísafirði voru eftirtaldir einstaklingar kosnir í stjórn KKÍ fyrir starfsárið 1998-1999.

Formaður til tveggja ára	Ólafur Rafnsson
Stjórnarmenn til tveggja ára:	Guðjón Þorsteinsson Magnús Svavarsson Ólafur Þór Jóhannsson
Í varastjórn til eins árs:	Jóhannes Karl Sveinsson Guðríður Ólafsdóttir Þórður Kolbeinsson

Eftirtaldir stjórnarmenn áttu eftir eitt ár af kjörtímabili sínu:

Gísli Friðjónsson  
Haukur Hauksson  
Erla Sveinsdóttir

Stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Formaður:	Ólafur Rafnsson
Varaformaður:	Ólafur Jóhannsson
Ritari:	Erla Sveinsdóttir
Gjaldkeri:	Gísli Friðjónsson
Meðstjórnandi:	Guðjón Þorsteinsson
Meðstjórnandi:	Magnús Svavarsson
Meðstjórnandi:	Haukur Hauksson

NEFNDIR, DÓMSTÓLL, ENDURSKOÐENDUR OG STARFSMENN KKÍ.

Mótanefnd:	Ríkharður Hrafnkelsson Hannes Jónsson Ægir Ágústsson
Dómaranefnd:	Leifur Garðarson Jóhannes Karl Sveinsson Einar Einarsson
Kvennalandsliðsnefnd:	Magnús Svavarsson
Karlalandsliðsnefnd:	Gísli Friðjónsson
Unglingalandsliðsnefnd:	Eyjólfur Guðlaugsson Halldór Þorsteinsson Sæmundur Jóhannesson Sigurður Hjörleifsson
Dómstóll KKÍ:	Gísli Gíslason Helgi Ingólfur Jónsson Ágúst Jóhannesson
Til vara:	Árni Guðmundsson Halldór Halldórsson Gunnar Þorvarðarson

Aganefnd KKÍ: Jón Eysteinnsson  
Ágúst Jóhannesson  
Hrafn G. Johnsen

Til vara: Haukur Hannesson  
Ingimar Ingason  
Gunnar Aðalsteinsson

Endurskoðendur: Guðrún Ólafsdóttir  
Otto Hafliðason

Frankvæmdastjóri Pétur Hrafn Sigurðsson  
Íþróttafulltrúi Björn Leósson

Upplýsingar um störf nefnda koma fram í skýrslum þeirra.

## SKÝRSLA STJÓRNAR

Fljótlega eftir að ársþingi lauk kom stjórn KKÍ saman og skipti með sér verkum. Stjórnin hélt 12 bókaða fundi auk fjölmargra annara formlegra og óformlegra funda.

### MINNING

Bogi Þorsteinsson, fyrsti formaður KKÍ og af mörgum talinn faðir körfuknattleiksins á Íslandi lést á keppnistímabilinu. Með Boga er fallinn frá einn af fyrstu forystumönnum íþróttarinnar hér á landi. KKÍ hafði heiðrað Boga með heiðurskrossi sambandsins og er hann eini einstaklingurinn sem hefur hlotið þann heiður.

### TILNEFNING Á KÖRFUKNATTLEIKSMANNI ÁRSINS

Samkvæmt beiðni frá ÍSÍ tilnefna öll sérsambönd innan ÍSÍ körfuknattleiksmann og konu ársins í sinni grein. Er þetta í fyrsta sinn sem sérsamböndin velja bæði konu og karl. Að þessu sinni voru þau Helgi Jónas Guðfinnsson og Anna María Sveinsdóttir valin.

### FORMANNAFUNDIR

Tveir formannafundir voru haldnir á keppnistímabilinu eins og verið hefur undanfarin ár.

### SAMNINGUR VIÐ DHL

Samningur er í gildi við DHL um DHL – deildina og er eitt ár eftir af þeim samning. Samstarfið hefur gengið vel og hafa félögin notið góðs af samningnum með beinum peningagreiðslum frá DHL. Frá því hafist var handa með að selja nöfn deildanna hjá stóru boltagreinunum hefur ekkert fyrirtæki verið eins lengi stuðningsaðili deildar eins og DHL.

### SAMNINGUR VIÐ FLUGLEIÐIR

Lokið er tveimur árum af þremur. Samningurinn er KKÍ hagstæður og hefur samstarfið gengið mjög vel.

### SAMNINGUR VIÐ HAGVAGNA OG HÓPBÍLA

Pokkalega gekk að nýta samninginn við Hagvagna á síðasta ári. Í vetur var skipt um söluaðila og hafa Hagvagnar tekið yfir samninginn og semja þeir beint við söluaðila auglýsinganna á strætó. Góðar vonir eru þó bundnar við að Hagvagnar og Hópbílar verið einn af stuðningsaðilum KKÍ hér eftir sem hingað til.

### SAMNINGUR VIÐ B&L

Eitt ár er eftir af þriggja ára samningi við B&L um Bikarkeppni karla og kvenna. Samstarfið hefur gengið vel og á næsta keppnistímabili verður unnið að endurnýjun hans.

### SAMNINGUR VIÐ AUSTURBAKKA

Samið var nú í haust til þriggja ára. Samningurinn er KKÍ hagstæður og er mikil ánægja með hann. Austurbakki er það fyrirtæki, fyrir utan Flugleiðir, sem KKÍ hefur átt lengst samskipti við. Fyrsti samningurinn var undirritaður 1986.

### SAMNINGUR VIÐ VÍS

Samningar tókust við VÍS um að fyrirtækið yrði stuðningsaðili 1. deildar kvenna sl. keppnistímabil. Samningurinn var til eins árs og er því runninn út. Unnið verður að því í sumar að endurnýja hann og gera hann þá til þriggja ára.

### SAMNINGUR VIÐ SAMBAND SPARISJÓÐA

Tvö ár eru liðin af þriggja ára samningi við Samband Sparisjóðanna. Samstarfið hefur gengið mjög vel og styrkja Sparisjóðirnir m.a. framhaldsskólamótið í körfuknattleik.

### SAMNINGUR VIÐ LENGJUNA

KKÍ fær 1.5% af þeirri upphæð sem tippað er á körfuboltaleiki, hvort heldur það eru leikir á Íslandi eða NBA leikir. All nokkuð hefur dregið úr tekjum KKÍ vegna þessa þar sem heldur minna var tippað á körfuboltaleiki á síðasta ári miðað við árin á undan. Ástæða þess er m.a. verkfallið í NBA-deildinni. Ástæða er til að hvetja forsvarsmenn félaga til að kynna það fyrir sínum félögum að þeir séu að styrkja körfuboltann þegar þeir tippa á körfuboltaleiki, handboltann þegar þeir tippa á handboltaleiki og fótoltann þegar þeir tippa á fótoltaleiki.

## **SAMNINGUR VIÐ AVIS**

KKÍ gerði fyrir hönd félaganna auglýsingasamning við bílaleiguna AVIS. Sá AVIS um að útvega dómurum bílaleigubíla þegar þeir þurftu að aka í leiki. Ljóst er að samningur þessi skilar félögunum töluverðum sparnaði í ferðakostnað vegna dómara. Samningurinn var til eins árs og kemur í ljós á næstunni hvort hann verður endurnýjaður.

## **KÖRFUBOLTABÚÐIR Í REYKJAVÍK**

KKÍ í samvinnu við ÍT – ferðir og Hörð Hilmarsson, hélt æfingabúðir með þáttöku bandarískra aðila. Alls komu til landsins 23 einstaklingar til að starfa í þessum búðum og keppa á móti sem haldið var í tengslum við þær. Jafnframt kom tókulið frá bandarísku íþróttarásinni ESPN sem er sú stærsta í heimi og gerði hún 30 mínútna þátt um búðirnar og körfubolta á Íslandi. Þátturinn var sendur út um allan heim í september. Alls tóku 98 börn og unglingar þátt í æfingabúðunum og er stefnt að því að halda þær aftur í sumar sem og að fá fleiri erlend lið í heimsókn til að taka þátt í alþjóðlegu móti.

## **NBA 2000**

KKÍ hefur unnið að því undanfarið eitt og hálf ári að fá tvö NBA – lið til Íslands til að leika einn “pre-season” leik í október árið 2000 í tilefni þess að þá eru 1000 ár liðin frá Landafundunum. Bæði íslenska og bandaríska landafundaneftindin tóku vel í þessa hugmynd og hefur verið reynt að vinna henni fylgis innan NBA. Nefnd var skipuð til að sjá um þessi mál. Í henni sátu Helgi Ágústsson formaður, Einar Bollason, Haukur Hauksson, Ólafur Rafnsson og Pétur Hrafn Sigurðsson. Nú nýlega varð ljóst að ekki verður af því að tvö NBA – lið komi til landsins á næsta ári, en verið er að vinna í að fá einhverskonar viðburð í körfuknattleik frá NBA.

## **NORÐURLANDAMÓT UNGLINGALANDSLIÐA**

Norðurlandamót unglingalandslíða fór fram hér á landi milli jóla og nýárs í Hveragerði. Allar norðurlandþjóðirnar auk Írlands tóku þátt, alls sex þjóðir. Íslenska liðið stóð sig mjög vel og varð í öðru sæti í mótinu. Framkvæmd mótsins var í höndum KKÍ og heimamanna í Hveragerði og tókst hún í alla staði mjög vel. Vill stjórn KKÍ koma á framfæri þakklæti til heimamanna fyrir alla þá vinnu sem þeir lögðu á sig til að þetta mót gæti farið fram. Enn fremur vill stjórn KKÍ þakka Hveragerðisbæ fyrir stuðninginn við þetta mót.

## **LOKAHÓF KKÍ**

Hófið var haldið í Stapanum og var í umsjón körfuknattleiksdeilda Keflavíkur og Njarðvíkur. Stjórn KKÍ þakkar deildunum tveimur fyrir undirbúning og framkvæmd hófsins. Alls mættu tæpl. 300 manns í matinn. Er þetta í fyrsta sinn sem deildir taka að sér að skipuleggja hófið og er sá siður vonandi kominn til að vera. Hafi deildir áhuga á að skipuleggja næsta lokahóf skulu þau setja sig í samband við skrifstofu KKÍ.

## **SPJALLRÁS STJÓRNAR KKÍ**

Tekin var upp sú nýbreytni að safna saman öllum tölvupóstföngum formanna deilda í DHL-deild, 1. deild karla og VÍS deild kvenna og mynda spjallrás þar sem málefni sem upp koma í starfinu eru kynnt og rædd. Mæltist þetta vel fyrir og verður þessu haldið áfram af hálfu KKÍ. Mikilvægt er að formenn félaga taki þátt í spjallinu ef þeir hafa skoðun á málefnum hverju sinni. Þannig komast fleiri sjónarmið að og meiri lýkur á að málum verði landað farsælega.

## **SAMRÁÐSFUNDIR MEÐ KSÍ OG HSÍ**

KKÍ stóð fyrir samráðsfundi með KSÍ og HSÍ um sameiginlega hagsmuni sem varða stóru boltasamböndin. Er stefnt að því að halda slíku starfi áfram.

## **SAGA KKÍ**

Árið 2001 verða 40 ár liðin frá stofnun KKÍ. Í tilefni þess hefur verið ákveðið að saga KKÍ verði skrifuð. Nefnd hefur verið skipuð í málið og skipa hana þeir Gunnar Gunnarsson, Guðmundur Þorsteinsson og Jón Eysteinnsson. Nefndin hefur þegar tekið til starfa.

## **SÓKN Í KVENNAKÖRFUKNATTLEIK**

Í samræmi við samþykkt síðasta ársþings vann KKÍ að sókn í kvennakörfuknattleik. Ráðinn var erindreki til að sinna þessu starfi. Karl Jónsson var ráðinn. Vann hann í samræmi við samþykktir þingsins og liggur skýrsla hans fyrir þessu þingi. Enn fremur gerði hann könnun á viðhorfi leikmanna í mfl. kvenna til ýmissa mála. Liggja niðurstöður hennar einnig fyrir þinginu.

## **STJÖRNULIÐ CLYDE DREXLER**

Ákveðið hefur verið að taka á móti Stjörnuhljóði Clyde Drexler hér á landi. Liðið kemur til landsins og leikur við úrvalslið KKÍ. Ljóst er að margar frægar stjörnur koma með liðinu. Um er að ræða verulega stórt verkefni fjárhagslega og því mikilvægt að allir leggist á eitt til að þessi viðburður verði vel heppnaður. Leikið verður í Laugardalshöll 27. ágúst.

## **GAMLIR LANDSLIÐSMENN**

KKÍ hafði forgöngu um að gamlir landsliðsmenn kæmu saman og ræddu málin í tengslum við landsleik Íslands og Bosníu-Herzegovínu. Var mæting á fundinn góð og almenn ánægja með þetta framtak. Stefnt er að því að þessi hópur hittist a.m.k. einu sinni á ári og myndi nokkurskonar bakhóp fyrir KKÍ.

## **SAMNINGAR DÓMARA**

Samningaviðræður milli félaga og dómara um kaup og kjör gengu erfiðlega síðastliðið haust. KKÍ kom inn í þær viðræður og vann að lausn málsins. Einn þátturinn í þeirri lausn var samningur við Bílaleiguna AVIS þar sem dómara sem þurfa að ferðast í leiki fá bílaleigubíl frá AVIS. Þannig sparast töluverðir fjármunir í aksturskostnað vegna dómara.

## **MEISTARAKEPPNIN Í KÖRFUKNATTLEIK**

Meistarakeppni karla og kvenna var haldin í fjórða sinn og fóru leikirnir að þessu sinni fram í Njarðvík. Eins og undanfarin ár voru leikirnir góðgerðarleikir og rann allur ágóði af þeim til félags sykursjúkra barna.

## **NETIÐ**

Mjög vel hefur gengið að nota netið sem samskiptamáta við félögin varðandi niðurröðun leikja, úrslit leikja og þess háttar. Símtölum hefur fækkað verulega á skrifstofu KKÍ eftir að þjálfarar, foreldrar og leikmenn hafa komist upp á að nota netið til að fá upplýsingar um fjölldamót og aðra leiki. Ljóst er að Netið verður nýtt enn meir í framtíðinni. Mikilvægt er að félög sendi inn úrslit leikja í efstu deildum karla og kvenna um leið og þeim er lokið. Nokkur misbrestur hefur verið á því sl. vetur. Heimasiða KKÍ er mjög vinsæll og skipta heimsóknir þúsundum í vetur. Mest er um heimsóknir á fimmtudags og sunnudagskvöldum, þegar leikjum í DHL – deildinni er lokið. Skipta heimsóknir stundum hundruðum á þessum kvöldum. Ljóst má því vera að hér er um þjónustu að ræða sem skiptir máli og er nýtt af fjöldamörgum áhugamönnum sem áhuga hafa á að fá úrslitin og tölfræðina úr leikjunum strax.

## **STJÖRNULEIKUR KKÍ**

Stjörnuleikur KKÍ fór ekki fram að þessu sinni þar sem honum þurfti að fresta vegna veðurs. Ekki tókst að koma leiknum á aftur. Var hér um nokkuð tekjutap að ræða fyrir A-landsliðsnefnd karla sem verður að mæta með einhverjum hætti. Hugmyndin er jafnvel að leika leikinn í október á þessu ári og svo aftur í febrúar á því næsta.

## **ERLEND SAMSKIPTI**

Ólafur Rafnsson og Pétur Hrafn Sigurðsson sóttu FIBA þingið sem haldið var í Amsterdam í maí. Ólafur Rafnsson sótti heimsþing FIBA sem haldið var í Aþenu. Ólafur og Pétur fóru á árlegan fund formanna og framkvæmdastjóra norðulandanna sem haldinn var í Helsinki. Pétur Hrafn var kosinn í unglínganefnd FIBA á þingi þess í Amsterdam og sótti einn fund nefndarinnar.

## **ÚTGÁFUMÁL**

Eins og áður kom út mótabók KKÍ. Enn fremur voru gefnar út leikreglur í körfuknattleik 1998-2002. Pétur Hrafn Sigurðsson sá um þýðingu á leikreglunum. Stefnt er að því að á þessu ári komi út kennslubók fyrir A-stígs þjálfaranámskeið og Námskrá fyrir þjálfun í körfuknattleik.

## **FRÆDSLUMÁL**

All nokkur námskeið voru haldin á vegum KKÍ. Sl. sumar var haldið þjálfaranámskeið með Bob McKillop frá USA og Fernando Hernandez frá Spáni. Námskeiðið var vel heppnað þó aðsókn hefði mátt vera meiri.

Síðastliðið haust var KKÍ með grunnstígs þjálfaranámskeið og dómarnámskeið bæði í Reykjavík og á Akureyri. Jón Kr. Gíslason landsliðsþjálfari heimsótti nokkra staði og kynnti körfuknattleikinn. KKÍ í samvinnu við NBA, fékk Dean Brittenham, þekktan þjálfara í Bandaríkjunum, til að halda námskeið hér á landi í lok apríl. Brittenham er sérfræðingur í líkamlegri uppbyggingu íþróttamanna og var koma hans liður í því að bæta menntun þjálfara okkar á því sviði. Margir þjálfarar úr öðrum greinum nýttu sér þetta námskeið.

## MÁLÞING UM STÖÐU A-LANDSLÍÐS KARLA

Málþing var haldið til að meta stöðu A-landsliðs karla eftir að liðið lauk keppni í milliriðli EM í körfuknattleik. Var þetta í fyrsta sinn sem liðið kemst í milliriðil og leikur heima og heiman. Þrátt fyrir að ekki hafi unnist leikur verður að telja þennan árangur mikla lyftistöng fyrir íslenskan körfuknattleik og vöktu landsleikirnir athygli. Meginniðurstöður málþingsins voru að grunnþjálfun í íslenskum körfuknattleik sé ábótavant. Við eigum landslið U-17 sem stendur erlendum liðum fyllilega jafnfætis, en þegar komið er upp í U-22 eða A-landslið þá hefur getununurinn vaxið stórlega. Meginástæða þess er að líkamlegri þjálfun íslensku landsliðsmannanna er ábótavant. Við getum ekki kennt leikmönnum að verða stórir en við getum kennt þeim að verða sterkir líkamlega og eiga þannig í fullu tré við erlenda landsliðsmenn. KKÍ og félagin verða að bæta menntun þjálfara í líkamlegri uppbyggingu leikmanna 16 ára og eldri.

## LYFJAMÁL

Lyfjamál tóku nokkurn tíma hjá stjórn KKÍ. Þessum málaflökki hafði ekki verið gefinn mikill gaumur áður, en í ljósi þess máls sem upp kom var ljóst að viðbragða var þörf. Sem betur fer fyrir alla aðila leystist málið farsælega og vill KKÍ koma á framfæri þakklæti til starfsmanns lyfjanefndar ÍSÍ, Sigurðar Magnússonar en hann vann allan tímann mjög faglega að málinu. Eftir að þetta mál var leyst hefur KKÍ, ásamt KSÍ og HSÍ, komið á framfæri athugasemdum til ÍSÍ varðandi reglugerðina sem í gildi er í lyfjamálum ÍSÍ og óskað eftir breytingum.

## SEMINAR MEÐ FJÖLMIÐLAMÖNNUM

KKÍ bauð nú í annað sinn íþróttafréttamönnum sem starfandi eru á stærstu fjölmiðlunum til seminars s.l. haust. Um var að ræða óvissuferð þar sem farið var með íþróttafréttamennina í rútu frá Hópþílum. Haldið var til Borgarness þar sem körfuknattleiksdeild Skallagríms tók vel á móti okkur. Verkefni framundan hjá KKÍ voru kynnt fyrir fjölmiðlamönnum, haldin voru stutt erindi og málin rædd. Nokkrar körfuboltaþrautir voru lagðar fyrir fjölmiðlamennina og sigurvegari úr þeim krýndur. Kvöldverður var snæddur í Borgarnesi í boði Skallagríms. Færir KKÍ stjórn Körfuknattleiksdeildarinnar miklar þakkir fyrir þeirra þátt í þessari skipulagningu.

## HEIÐURSVIÐURKENNINGAR

Á lokahófi KKÍ 1999 fengu eftirtaldir aðilar viðurkenningu fyrir frábær störf í þágu körfuknattleiksins:

Árni Þór Árnason	Gullmerki
Gísli Georgsson	Silfurmerki
Hannes Jónsson	Silfurmerki
Leifur Garðarson	Silfurmerki

## SKÓLAMÓT

Framhaldsskólamótið í körfuknattleik var haldið eins og undanfarin ár, með stuðningi Sparisjóðanna. Aldrei hafa fleiri skólar tekið þátt. Farið var af stað með grunnskólamót. Það fór hægt af stað að þessu sinni en stefnt er að því að gera betur á næsta ári. Ekki tókst að finna stuðningsaðila á mótið og olli það nokkrum erfiðleikum.

## KÖNNUN Á ÁHUGA Á KÖRFUKNATTLEIK

Eins og kynnt var á síðasta þingi var gerð könnun á áhuga meðal almennings á körfuknattleik og gerði Hagvangur könnunina. Ákveðið var að gera aðra slíka könnun og munu niðurstöður úr henni liggja fyrir á þessu þingi.

F.h. stjórnar  
Ólafur Rafnsson



## SKÝRSLA MÓTANEFNDAR

Mótanefnd var skipuð þeim Ríkharði Hrafnkelssyni formanni, Ægi Ágústssyni og Hannesi Jónssyni. Björn Leósson var starfsmaður mótanefndar.

Keflavíkingar urðu deildarmeistarar í DHL-deildinni, en Valsmenn féllu í 1. deild. Úrslitakeppnin var mjög skemmtileg í ár og vakti mikla athygli. Sérstaklega voru úrslitaleikir Keflavíking og Njarðvíkinga eftirminnilegir, en alls urðu úrslitaleikirnir fimm. Fimmti leikurinn verður lengi í minnum hafður, en þar sigruðu Keflavíkingar í skemmtilegum leik fyrir troðfullu húsi áhorfenda og stemmningin var ólýsanleg. Ekki hefur komið til fimmta og síðasta leiks síðan 1992.

Í 1. deild, VÍS-deild, leiku sex félög. Njarðvíkingar bættust við frá því árið áður. KR vann allt sem hægt var að vinna í kvennaboltanum, deildarmeistarar, Íslandsmeistarar og bikarmeistarar. Tindastóll sigraði í 2. deild kvenna.

Í 1. deild karla kepptu tíu lið eins og undanfarin ár, þar af voru fimm þeirra með erlenda leikmenn að hluta til að allt árið. Þór Þ. varð deildarmeistari, en auk þeirra komust ÍR, Stjarnan og Hamar í úrslitakeppnina þar sem Hamar reyndist sterkasta liðið og tryggði sér sæti í DHL-deild í fyrsta sinn. Fylkir lenti í erfiðleikum á sínu fyrsta ári í deildinni og kom KKÍ félaginu til aðstoðar svo það gæti lokið keppni í deildinni. Þrátt fyrir að Höttur hafði orðið í neðsta sæti deildarinnar, mun Fylkir ekki senda lið í 1. deildina að ári.

Úrslitakeppni 2. deildar karla fór fram í Skagafirði. Leikið var í riðlum í Varmahlíð og á Sauðárkróki, en úrslitaleikirnir fór fram í Varmahlíð. ÍV og Fjöltnir léku til úrslita og svo fór að ÍV sigraði og leikur í 1. deild að ári.

Alls sendu 55 félög lið til keppni á Íslandsmótinu 1998-1999, þar af voru tvö gestalið. Félögum sem taka þátt í Íslandsmótinu fækkaði því um fimm frá síðasta ári.

Mótanefnd barst nokkur fjöldi beiðna um tilfærslu á leikjum eins og undanfarin ár. Flestar þessar beiðnir komu fram með of skömmum fyrirvara þannig að svigrúm til breytinga var ekkert. Í öðrum tilvikum voru leikir færðir til ef gildar ástæður voru fyrir beiðninni eins og lög og reglugerðir kveða á um. Sú festa sem mótanefnd hefur sýnt í þessum efnum undanfarin ár hefur skilað því að nú er hægt að treysta mótabók KKÍ. Leikir fara fram á þeim tíma sem þar kemur fram, nema í undantekningar tilfellum.

## ÍSLANDSMÓT 1998-1999

Íslandsmeistarar í einstökum flokkum urðu sem hér segir:

Meistaraflokkur karla - DHL-deild	Íþrótt og ungmennafélagið Keflavík
Meistaraflokkur kvenna - VÍS-deild	Knattspyrnufélag Reykjavíkur
1. deild karla	Íþróttfélagið Hamar
2. deild karla	Íþróttfélagið Vestmannaeyja
2. deild kvenna	Ungmennafélagið Tindastóll
1. flokkur karla	Ungmennafélagið Breiðablik
Unglingaflokkur karla	30. apríl
Unglingaflokkur kvenna	Íþróttfélag Reykjavíkur
Drengjaflokkur	28. apríl
Stúlknaflokkur	Íþróttfélag Reykjavíkur
11. flokkur	Knattspyrnufélag Reykjavíkur
10. flokkur	Ungmennafélagið Fjölnir
9. flokkur	Ungmennafélag Njarðvíkur
8. flokkur	Ungmennafélag Grindavíkur
8. flokkur kvenna	Íþrótt og ungmennafélagið Keflavík
7. flokkur	Ungmennafélag Njarðvíkur
Minnibolti drengja	Ungmennafélagið Fjölnir
Minnibolti stúlkna	Íþrótt og ungmennafélagið Keflavík

### ÍSLANDSMEISTARAR Í 2. DEILD YNGRI FLOKKA

10. flokkur	Ungmennafélagið Dímon
8. flokkur	Ungmennafélagið Kormákur
7. flokkur	Knattspyrnufélag Reykjavíkur b
Minnibolti drengja	Ungmennafélagið Tindastóll

### MEISTARFLOKKUR KARLA DHL-DEILD

#### LOKASTAÐAN Í DHL-DEILD

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stigaskor	Nettó	Stig
1.	Keflavík	22	20	2	2.149:1.802	347	40
2.	UMFN	22	18	4	2.029:1.658	371	36
3.	KFÍ	22	15	7	1.894:1.822	72	30
4.	UMFG	22	14	8	1.973:1.847	126	28
5.	KR	22	14	8	1.864:1.781	83	28
6.	Tindastóll	22	11	11	1.872:1.846	26	22
7.	Snæfell	22	10	12	1.715:1.827	-112	20
8.	Haukar	22	8	14	1.713:1.879	-166	16
9.	ÍA	22	8	14	1.703:1.816	-113	16
10.	Þór Ak.	22	5	17	1.690:1.964	-274	10
11.	Skallagrímur	22	5	17	1.738:1.886	-148	10
12.	Valur	22	4	18	1.709:1.921	-212	8

#### ÚRSLIT LEIKJA Í ÚRSLITAKEPPNI DHL-DEILDAR

##### 8-LIÐA ÚRSLIT

Keflavík – Haukar	123-81	UMFN – Snæfell	88-49
Haukar – Keflavík	77-132	Snæfell – UMFN	67-100
KFÍ – Tindastóll	68-65	UMFG – KR	83-73
Tindastóll – KFÍ	67-70	KR – UMFG	67-70

#### 4-LIÐA ÚRSLIT

Keflavík – UMFG	85-88	UMFN – KFÍ	70-61
UMFG – Keflavík	79-88	KFÍ – UMFN	89-84
Keflavík – UMFG	122-119 (86-86, 98-98, 111-111)		
UMFG – Keflavík	82-90	UMFN – KFÍ	90-77
		KFÍ - UMFN	69-80

#### ÚRSLIT

Keflavík – UMFN	79-89
UMFN – Keflavík	90-98
Keflavík – UMFN	108-90
UMFN – Keflavík	91-72
Keflavík – UMFN	88-82

#### TÖLFRÆÐI DHL-DEILDAR - VERÐLAUNAHAFAR

(Sjá nánar [www.toto.is/kki](http://www.toto.is/kki))

Stigaskor	John Woods	Tindastól	30,5
Best nýting í þriggja stiga skotum	Damon S. Johnson	Keflavík	58,5%
Besta vítanýting	Herbert Arnarson	UMFG	90,2%
Flest fráköst	Rob Wilson	Snæfelli	14,6
Flestar stoðsendingar	Warren Peebles	UMFG	8,3
Flest varin skot	Alexander Ermolinskij	ÍA	2,1
Flestir stolnir boltar	Teitur Örlygsson	UMFN	3,6

#### ÖNNUR EINSTAKLINGSVERÐLAUN SEM AFHENT VORU Á LOKAHÓFI KKÍ

Úrvalsið DHL-deildar	Falur Harðarson	Keflavík
	Friðrik Ragnarsson	UMFN
	Teitur Örlygsson	UMFN
	Herbert Arnarson	UMFG
	Dagur Þórisson	ÍA
Besti leikmaður	Falur Harðarson	Keflavík
Besti nýliði	Hlynur Bæringsson	Skallagrím
Besti erlendi leikmaður	Damon S. Johnson	Keflavík
Besti þjálfari	Friðrik Ingi Rúnarsson	UMFN
Besti dómari	Leifur Garðarsson	Haukar
Efnilegasti dómari	Jón Halldór Eðvaldsson	Keflavík

#### LOKASTAÐAN Í VÍS-DEILD KVENNA

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stigaskor	Nettó	Stig
1.	KR	20	20	0	1.475:953	522	40
2.	ÍS	20	15	5	1.256:984	272	30
3.	Keflavík	20	12	8	1.213:1.093	120	24
4.	UMFG	20	6	14	1.058:1.194	-136	12
5.	UMFN	20	4	16	975:1.474	-499	8
6.	ÍR	20	3	17	1.046:1.325	-279	6

#### ÚRSLIT LEIKJA Í ÚRSLITAKEPPNI VÍS-DEILDAR KVENNA

#### 4-LIÐA ÚRSLIT

KR – UMFG	71-68	ÍS - Keflavík	73-58
UMFG - KR	61-68	Keflavík - ÍS	63-54
		ÍS – Keflavík	51-58

## ÚRSLIT

KR - Keflavík	76-47
Keflavík - KR	49-61
KR - Keflavík	90-81

### TÖLFRÆÐI VÍS-DEILDAR KVENNA - VERÐLAUNAHAFAR

Stigaskor	Guðbjörg Norðfjörð	KR	15,1
Best nýting í þriggja stiga skotum	Guðbjörg Norðfjörð	KR	39,0%
Besta vítanýting	Anna María Sveinsdóttir	Keflavík	90,3%
Flest fráköst	Signý Hermannsdóttir	ÍS	10,5
Flestar stoðsendingar	Alda Leif Jónsdóttir	ÍS	5,0
Flest varin skot	Alda Leif Jónsdóttir	ÍS	1,9
Flestir stolnir boltar	Linda Stefánsdóttir	KR	4,4

### ÖNNUR EINSTAKLINGSVERÐLAUN SEM AFHENT VORU Á LOKAHÓFI KKÍ

Úrvalsið VÍS-deildar	Alda Leif Jónsdóttir	ÍS
	Hanna Kjartansdóttir	KR
	Guðbjörg Norðfjörð	KR
	Anna María Sveinsdóttir	Keflavík
	Signý Hermannsdóttir	ÍS
Besti leikmaður	Anna María Sveinsdóttir	Keflavík
Besti nýliði	Hildur Sigurðardóttir	ÍR
Besti þjálfari	Óskar Kristjánsson	KR

### LOKASTAÐAN Í 1. DEILD KARLA

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stigaskor	Nettó	Stig
1.	Þór Þorl.	18	16	2	1.610:1.357	253	32
2.	ÍR	18	13	5	1.555:1.334	221	26
3.	Stjarnan	18	13	5	1.540:1.353	187	26
4.	Hamar	18	12	6	1.507:1.346	161	24
5.	ÍS	18	12	6	1.390:1.338	52	24
6.	Breiðablik	18	11	7	1.532:1.363	169	22
7.	Stafholtst.	18	6	12	1.311:1.517	-206	12
8.	Selfoss	18	4	14	1.414:1.602	-188	8
9.	Fylkir	18	2	16	1.340:1.572	-232	4
10.	Höttur	18	1	17	1.174:1.591	-417	2

### ÚRSLIT LEIKJA Í ÚRSLITAKEPPNI 1. DEILD KARLA

#### 4-LIÐA ÚRSLIT

Þór Þ. - Hamar	94-88	ÍR - Stjarnan	81-78
Hamar - Þór Þ.	109-108 (89-89, 97-97)	Stjarnan - ÍR	67-72 (61-61)
Þór Þ. - Hamar	72-76		

#### ÚRSLIT

ÍR - Hamar	102-90
Hamar - ÍR	88-84
ÍR - Hamar	73-90

**TÖLFRÆÐI 1.DEILDAR KARLA - VERÐLAUNAHAFAR**

Stigaskor Dennis Green Höttur 31,8

**ÖNNUR EINSTAKLINGSVERÐLAUN SEM VEITT VORU Á LOKAHÓFI KKÍ**

Úrvalslíð	Jón Örn Guðmundsson	Þór Þ.
	Pálmi Sigurgeirsson	Breiðablik
	Pétur Ingvarsson	Hamar
	Óskar Þórðarson	Þór Þ.
	Birgir Guðfinnsson	Selfoss
Besti leikmaður	Pétur Ingvarsson	Hamar
Besti erlendi leikmaður	Billy Dreher	Þór Þ.
Besti þjálfari	Billy Dreher	Þór Þ.

**2. DEILD KARLA**

Alls hófu 25 félag keppni í 2. deild karla. Deildinni skipt í tvær heima/heiman deildir og tvo fjöllíðamótsríðla. Eitt félag hætti keppni og eitt félag var gestalið.

**LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA A1**

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stigaskor	Nettó	Stig
1.	Reynir S.	14	13	1	1.163:844	319	26
2.	Gk. Grindavíkur	14	12	2	1.132:938	194	24
3.	Fjölur	14	11	3	1.038:817	221	22
4.	HK	14	6	8	911:916	-5	12
5.	Léttir	14	5	9	863:925	-62	10
6.	SH	14	3	11	881:1.106	-225	6
7.	Árvakur	14	3	11	859:1.064	-205	6
8.	Hrönn	14	3	11	820:1.057	-237	6

**LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA A2**

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stigaskor	Nettó	Stig
1.	Smári Varmahlíð	12	12	0	1.026:700	326	24
2.	Skotf Ak	12	9	3	1.066:883	183	18
3.	Dalvík	12	8	4	896:779	117	16
4.	USVH	12	6	6	920:880	40	12
5.	Leiftur	12	3	9	689:864	-175	6
6.	Umf. Glói	12	2	10	747:945	-198	4
7.	Laugar	12	2	10	612:905	-293	4

**LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA R-RÍÐILL**

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stig	Nettó	Stig
1.	Víkingur Ól.	8	6	2	604:557	47	12
2.	Reynir H	8	5	3	551:505	46	10
3.	Hvöt	8	4	4	525:549	-24	8
4.	GKG	8	3	5	522:552	-30	6
5.	Örminn	8	2	6	511:550	-39	4
6.	KR old (gestir)	0	0	0	0:0	0	0
7.	ÍMA	0	0	0	0:0	0	0

ÍMA hætti keppni í 3. umferð

## LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA S-RÍÐILL

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stigaskor	Nettó	Stig
1.	ÍV	4	4	0	357:261	96	8
2.	Sindri	4	2	2	338:311	27	4
3.	Dímon	4	0	4	247:370	-123	0

## ÚRSLITAKEPPNI 2. DEILDAR KARLA

Sigurvegarar riðlanna komust í úrslit auk liða númer 2 A1 og A2 og lið númer 3 í A1. Keppnin var haldin í Varmahlíð og á Sauðárkróki 26.-28. mars. Liðunum var skipt í tvo riðla og léku allir við alla innan riðlanna. Efstu liðin í hvorum riðli léku síðan úrslitaleik deildarinnar, liðin í 2. sæti léku um 3.-4. sætið o.s.f.v. Svo fór að ÍV og Fjölnir léku til úrslita og hafði ÍV betur.

Riðlaskiptingin var eftirfarandi:

A-riðill: Reynir S., Skotfélag Ak., Víkingur Ól., Fjölnir.

B-riðill: Golfkl. Grindav., Smári, ÍV, Reynir H.

Úrslit leikjanna voru eftirfarandi:

A-riðill:

Reynir S. - Fjölnir	53-60
Skotfélag Ak. - Víkingur Ól.	88-77
Skotfélag Ak. - Fjölnir	76-99
Reynir S. - Víkingur	105-80
Víkingur Ól. - Fjölnir	82-74
Reynir S. - Skotfélag Ak.	77-75

B-riðill:

Smári - Reynir H.	74-53
GG - ÍV	54-61
GG - Reynir H.	72-66
Smári - ÍV	71-73
ÍV - Reynir H.	81-72
Smári - GG	63-67

## LOKASTAÐAN Í A-RÍÐLI:

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stigaskor	Nettó	Stig
1.	Fjölnir	3	2	1	233:211	22	4
2.	Reynir S.	3	2	1	235:215	20	4
3.	Skotf Ak	3	1	2	239:253	-14	2
4.	Víkingur Ól.	3	1	2	239:267	-28	2

## LOKASTAÐAN Í B-RÍÐLI:

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stig	Nettó	Stig
1.	ÍV	3	3	0	215:197	18	6
2.	Gk. Grindavíkur	3	2	1	193:190	3	4
3.	Smári Varmahlíð	3	1	2	208:193	15	2
4.	Reynir H	3	0	3	191:227	-36	0

## LEIKIR UM SÆTI:

1.-2. sæti:	ÍV-Fjölnir	65-54
3.-4. sæti	GG - Reynir S.	71-84
5.-6. sæti	Smári - Skotfélag Ak.	76-71
7.-8. sæti	Reynir H. - Víkingur Ól.	82-69

## 2. DEILD KVENNA

Alls tóku 6 félag þátt í 2. deild kvenna. Íslandsmeistari varð Tindastóll.

### LOKASTAÐAN

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stigaskor	Nettó	Stig
1.	Tindastóll	6	6	0	364:233	131	12
2.	Skallagrímur	5	1	4	237:228	9	2
3.	KFÍ	5	1	4	155:295	-140	2
4.	ÍA	0	0	0	0:0	0	0
5.	Þór Ak.	0	0	0	0:0	0	0

ÍA og Þór Ak. léku sem gestalið eftir 1. umferð. Úrslit vantar úr leik Skallagríms og KFÍ úr 1. umf.

## 1. FLOKKUR KARLA

Átta félag tóku þátt í Íslandsmóttinu í 1. flokki karla og léku allir við alla tvær umferðir.

Eftirtalin félag tóku þátt: Valur, UMFG, KR, ÍR, Keflavík, Breiðablik, Haukar, Reynir S.

### LOKASTAÐAN

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stigaskor	Nettó	Stig
1.	Breiðablik	14	11	3	1.121:913	208	22
2.	KR	14	9	5	1.204:992	212	18
3.	Keflavík	14	9	5	1.130:1.089	41	18
4.	Reynir S.	14	8	6	958:910	48	16
5.	ÍR	14	6	8	1.037:1.123	-86	12
6.	Haukar	14	5	9	1.076:1.207	-131	10
7.	Valur	14	4	10	1.000:1.076	-76	8
8.	UMFG	14	4	10	957:1.173	-216	8

## UNGLINGAFLOKKUR KARLA

Sextán félag tóku þátt í unglingsflokk karla og var þeim skipt í tvo átta liða riðla. Innan riðlanna var leikin tvöföld umferð. Í A-riðli léku: UMFG, ÍA, Fjölnir, ÍR, Tindastóll, Breiðablik, Afturelding. Í B-riðli léku: KR a, KR b, Haukar, Keflavík, Valur, Þór Ak. Fylkir og unglingslandslíðið sem lék sem gestalið.

### LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stigaskor	Nettó	Stig
1	Tindastóll	14	13	1	1361:985	376	26
2	UMFN	14	10	4	1106:1085	21	20
3	Breiðablik	14	9	5	1087:973	114	18
4	UMFG	14	8	6	1171:1179	-8	16
5	ÍA	14	6	8	1034:1055	-21	12
6	Fjölnir	14	5	9	883:988	-105	10
7	ÍR	14	5	9	1029:1024	5	10
8	Afturelding	14	0	14	778:1160	-382	0

### LOKASTAÐAN Í B-RIÐLI

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stigaskor	Nettó	Stig
1	Keflavík	10	8	2	868:780	88	16
2	Þór Ak.	10	6	4	763:110	110	12
3	KR b	10	6	4	716:704	12	12
4	Valur	10	6	4	761:778	-17	12
5	KR	10	3	7	708:751	-43	6
6	Haukar	10	1	9	758:908	-150	2
7	Fylkir	0	0	0	0:0	0	0
8	Unglingalandslið	0	0	0	0:0	0	0

Unglingalandsliðið var gestalið. Fylkir hætti keppni.

## ÚRSLITAKEPPNI UNGLINGAFLOKKS KARLA

Í úrslit úr A-riðli komust: Tindastóll, UMFN, Breiðablik, UMFG.

Í úrslit úr B-riðli komust: Keflavík, Þór Ak., KR b, Valur

	8-LIÐA ÚRSLIT		
Tindastóll - Valur	92-76	Þór Ak. - Breiðablik	100-74
Keflavík - UMFN	109-74	UMFN - KR b	71-85

	4-LIÐA ÚRSLIT		
Keflavík - KR b	74-83	Tindastóll - Þór Ak.	95-80

ÚRSLIT  
**KR b-Tindastóll 30. apríl**

### DRENGJAFLOKKUR

Eftirtalin félög tóku þátt í drengjaflokki og var þeim skipt í þrjá riðla.

Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:

A-riðill: ÍR, Tindastóll, KR, Keflavík, Stjarnan.

B-riðill: Þór Ak., Skallagrímur, Valur, Breiðablik, KR b.

C-riðill: Laugdælir, ÍV, Fylkir, ÍA, KFÍ, UMFG.

ÍV og Fylkir hættu keppni.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

KR - Stjarnan	73-61	Keflavík - ÍR	86-65
<b><u>KR - Keflavík</u></b>			

### 11. FLOKKUR KARLA

Eftirtalin félög tóku þátt í 11. flokki og var þeim skipt í fjóra riðla.

Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:

A-riðill: KR, ÍR, UMFN, Tindastóll.

B-riðill: Stjarnan, Þór Þ., Keflavík, Fjölnir.

C-riðill: ÍA, Fylkir, UNÞ, Valur, Haukar.

Valur hætti keppni og eftir það var liðunum skipt í tvo riðla.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

KR - ÍR	75-57	UMFN - Keflavík	69-46
<b><u>KR - UMFN</u></b>	<b><u>69-60</u></b>		

### 10. FLOKKUR KARLA

Eftirtalin félög tóku þátt í 10. flokki og var þeim skipt í fjóra riðla.

Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:

A-riðill: UMFG, KR, Keflavík, Fjölnir, Haukar, ÍR.

B-riðill: Stjarnan, Tindastóll, Þór Ak., Valur, UMFN.

C-riðill: Breiðablik, Snæfell, ÍA, UMFH.

Skallagrímur og KFÍ komu inn með gestalið í C-riðil frá og með 2. umferð.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

KR - UMFN	81-41	Fjölnir - Tindastóll	51-45
<b><u>KR - Fjölnir</u></b>	<b><u>62-63</u></b>		

### 9. FLOKKUR KARLA

Eftirtalin félög tóku þátt í 9. flokki og var þeim skipt í þrjá riðla.

Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:

A-riðill: Haukar, Stjarnan, Fjölnir, UMFN, Keflavík.



B-riðill: Selfoss, Breiðablik, Skallagrímur, UMFG.

C-riðill: Þór Ak., ÍR, Tindastóll, Valur, KR.

D-riðill: Fylkir, UMFH, Hörður, Reynir S.

Hörður hætti keppni eftir 1. umferð. Liðunum var skipt í þrjá riðla eftir 2. umferð.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

UMFN - Breiðablik	66-53	Haukar - Selfoss	48-47
<b>UMFN - Haukar</b>	<b>42-35</b>		

## 8. FLOKKUR KARLA

Eftirtalin félög tóku þátt í 8. flokki og var þeim skipt í fjóra riðla.

Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:

A-riðill: Selfoss, UMFG, UMFN, Haukar, Fjölnir.

B-riðill: Fylkir, Snæfell, Stjarnan, Keflavík, KR.

C-riðill: Skallagrímur, Breiðablik, Þór Ak., ÍR.

### LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stigaskor	Nettó	Stig
1.	<b>UMFG</b>	4	4	0	<b>171:131</b>	<b>40</b>	<b>12</b>
2.	Fylkir	4	2	2	169:173	-4	8
3.	Selfoss	4	2	2	173:138	35	8
4.	Fjölnir	4	2	2	167:168	-1	7
5.	ÍR	4	0	4	121:191	-70	3

## 7. FLOKKUR KARLA

Eftirtalin félög tóku þátt í 7. flokki og var þeim skipt í þrjá riðla.

Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:

A-riðill: ÍR, UMFN, KR, ÍA, Fjölnir.

B-riðill: Skallagrímur, Keflavík, UMFG, Valur, Breiðablik.

C-riðill: Tindastóll, Þór Ak., Fylkir, Hamar.

### LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stigaskor	Nettó	Stig
1.	<b>UMFN</b>	4	4	0	<b>186:105</b>	<b>81</b>	<b>10</b>
2.	ÍR	4	3	1	154:135	19	9
3.	Fjölnir	4	2	2	156:149	7	7
4.	ÍA	4	1	3	152:173	-21	6
5.	Tindastóll	4	0	4	114:200	-86	4

## MINNIBOLTI DRENGJA

Eftirtalin félög tóku þátt í minnibolta drengja og var þeim skipt í þrjá riðla.

Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:

A-riðill: ÍR, UMFN, KR, ÍA, Fjölnir, Stjarnan.

B-riðill: Snæfell, Skallagrímur, Keflavík, UMFG, Þór Þ. Valur.

C-riðill: Breiðablik, Haukar, Fylkir, Hamar, Fjölnir b, UMFH.

### LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI

Nr.	Félag	Leik	U	J	T	Stigaskor	Nettó	Stig
1.	<b>Fjölnir</b>	5	4	0	1	<b>282:199</b>	<b>83</b>	<b>8</b>
2.	KR	5	4	0	1	239:154	85	8
3.	Stjarnan	5	2	0	3	194:220	-26	6
4.	Snæfell	5	2	0	3	201:170	31	4
